

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/48/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 471/09/COL frá 25. nóvember 2009 um sjötugustu og fjórðu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/48/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6258 – Teva/Cephalon)	7
2011/EES/48/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6261 – North Sea Group/Argos Groep/JV)	8
2011/EES/48/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6267 – Volkswagen/MAN)	9
2011/EES/48/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6296 – Triton/COMPO)	10
2011/EES/48/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6320 – GKN/Getrag Corporation/Getrag All Wheel Drive)	11
2011/EES/48/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6333 – BMW/ING Car Lease)	12
2011/EES/48/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6349 – Mothershon/Cross Industries/Peguform/Wethje) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2011/EES/48/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6363 – Dalkia Polska/SPEC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14

2011/EES/48/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6364 – DCDC Holdings/Universal/WB/DCDC Joint Venture) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2011/EES/48/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6150 – Veolia Transport/Trenitalia/JV)	16
2011/EES/48/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6194 – Osram/Siteco Lighting)	16
2011/EES/48/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6207 – Gestamp/TKMF)	17
2011/EES/48/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6239 – Onex/Jeld-Wen)	17
2011/EES/48/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6278 – Takeda/Nycomed)	18
2011/EES/48/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6287 – Bain Capital/Oaktree/International Market Centers JV)	18
2011/EES/48/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6298 – Schneider Electric/Telvent)	19
2011/EES/48/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6299 – KKR/Sorgenia/Sorgenia France)	19
2011/EES/48/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6303 – Antin Infrastructure Partners FCPR/RREEF Pan European Infrastructure Fund LP/Andasol-1 Central Termosolar Uno SA and Andasol-2)	20
2011/EES/48/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6306 – 3i Group/Action Holding)	20
2011/EES/48/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6316 – Aurubis/Luvata Rolled Products)	21
2011/EES/48/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6324 – Bain Capital/Hellman & Friedman/Securitas Direct)	21
2011/EES/48/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6326 – Stanley Black & Decker/Niscayah Group)	22
2011/EES/48/24	Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer SA.18859 – 11/C (áður NN 65/10) – Undanþága frá gjaldi á íblöndunarefni (áður N 2/04) – Auglýst eftir athugasendum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	22
2011/EES/48/25	Ríkisaðstoð – Þýskaland – (107. til 109. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) – Málsnúmer MC 15/09 – Sala á eignarhlut LBBW í Deka	23
2011/EES/48/26	Auglýst eftir tillögum – Áætlun um menningarmál (2007–2013) – Framkvæmd aðgerða samkvæmt áætluninni: samstarfsverkefni til nokkurra ára, samstarfsaðgerðir, séraðgerðir (lönd utan Evrópubandalagsins) og styrkveitingar til stofnana sem starfa að menningarmálum á Evrópuvísu	23
2011/EES/48/27	Yfirlit um bandalagsákvörðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. maí 2011 til 30. júní 2011	23

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/48/01

471/09/COL

frá 25. nóvember 2009

um sjötugustu og fjórðu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli um viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾, með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókuar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber eftirlitsstofnuninni að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða eftirlitsstofnunin álitur það nauðsynlegt.

Vísað er til málsmeðferðar- og efnisreglna á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994. ⁽⁴⁾

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórn EB“ í því sem hér fer á eftir) birti 11. ágúst 2009 orðsendingu um viðmið að því er varðar greiningu á því hvort ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum. ⁽⁵⁾

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfum um þetta efni dagsettum 2. október 2009 (skjalnr. 532318, 532294 og 532322).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókuar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti nr. 32 sama dag, bls. 1. Þær nefnast „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

⁽⁵⁾ Sjá Stjtið. ESB C 188, 11.8.2009, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð skal breytt með því að fella inn nýjan kafla um viðmið að því er varðar greiningu á því hvort ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum. Nýi kaflinn er birtur í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Viðmið að því er varðar greiningu á því hvort ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum ⁽¹⁾**1. Inngangur**

1. Þjálfun hefur að jafnaði jákvæð ytri áhrif á samfélagið í heild þar eð hún leiðir til fjölgunar í hópi vel menntaðra starfsmanna sem fyrirtæki geta nýtt sér og hún bætir samkeppnishæfni hagkerfisins og stuðlar að þekkingarsamfélagi sem er í stakk búið að þróast með nýsköpun að leiðarljósi.
2. Þrátt fyrir þetta kunna fyrirtæki að veita óviðunandi þjálfun með tilliti til samfélagssjónarmiða, ef starfsmönnum er frjálst að skipta um vinnuveitanda og önnur fyrirtæki geti þar með notið góðs af því að ráða starfsmenn sem þau hafa þjálfað. Þetta á sérstaklega við um þjálfun sem beinist að færni sem unnt er að flytja milli fyrirtækja. Ríkisaðstoð getur orðið til þess að hvetja vinnuveitendur enn frekar til að bjóða þjálfun sem er það mikil að gæðum að hún telst samfélagslega eftirsóknarverð.
3. Í þessum kafla er settar fram leiðbeiningar um þau viðmið, sem Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“ í því sem hér fer á eftir) mun beita við mat á aðstoðarráðstöfunum á sviði þjálfunar. Leiðbeiningunum er ætlað að gera röksemdir stofnunarinnar gagnsæjar og auðveldla þannig að sjá gerðir stofnunarinnar fyrir og auka réttarvissu. Samkvæmt stafflið g) í 1. mgr. 6. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálsans (reglugerð um almenna hópundanþágu) ⁽²⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn ⁽³⁾ („reglugerð um almenna hópundanþágu“ í því sem hér fer á eftir), fellur sérhver aðstoð á sviði þjálfunar, hvort sem um er að ræða sérstaka aðstoð eða aðstoð á grundvelli kerfis, undir þessar leiðbeiningar þegar styrkígildi hennar er meira en 2 milljónir evra fyrir hvert þjálfunarverkefni.
4. Viðmiðunum í þessum leiðbeiningum verður ekki beitt á vélrænan hátt. Eftirlitsstofnun EFTA mun takast á hendur mat í réttu hlutfalli við hættuna á samkeppnisröskun og sama gildir um þær upplýsingar sem hún kann að krefjast. Umfang greiningarinnar fer eftir eðli viðkomandi máls.

2. Jákvæð áhrif aðstoðarinnar**2.1 Er markaðsbrestur fyrir hendi?**

5. Vel menntaðir starfsmenn stuðla að aukinni framleiðni og samkeppnishæfni fyrirtækja. Atvinnurekendur og starfsmenn kunna engu að síður að leggja of lítið fé í þjálfun og til þess geta legið ýmsar ástæður. Starfsmenn kunna að takmarka fjárfestingu sína í þjálfun ef þeir eru áhættufælnir, glíma við fjárhagsþrengingar eða eiga erfitt með að gefa framtíðarvinnuveitendum til kynna hversu mikillar þekkingar þeir hafi aflað sér.
6. Fyrirtæki kunna að forðast að þjálfar starfsmenn sína að því marki sem væri ákjósanlegast fyrir samfélagið í heild. Það helgast af markaðsbresti sem tengist jákvæðum úthrifum þjálfunar og af því að erfitt gæti reynst að nýta sér ávinninginn ef starfsmönnum er frjálst að skipta um vinnuveitanda. Fyrirtæki kunna að fjárfesta minna í þjálfun ef þau hafa áhyggjur af því að starfsmaðurinn muni, þegar hann hefur lokið þjálfun, hætta áður en fyrirtækið hefur endurheimt fjárfestingu sína. Fyrirtæki kunna að vera treg til að veita starfsmönnum fullnægjandi þjálfun nema þjálfunin borgi sig á skömmum tíma eða sé fremur sniðin að þörfum hlutaðeigandi fyrirtækis, eða samningsákvæði geti komið í veg fyrir að þjálfaður starfsmaður yfirgefi fyrirtækið áður en kostnaður við þjálfun hafi verið afskrifaður eða útgjöld vegna þjálfunar hafi (að hluta) verið endurgreidd.
7. Vanfjárfesting í þjálfun getur komið til jafnvel þótt fyrirtækið geti að fullu endurheimt fjárfestingu sína en ávinningur þess er minni en ávinningur samfélagsins í heild. Jákvæð úthrif af þessu tagi geta komið upp, einkum ef þjálfunin eykur færni sem unnt er að yfirfæra, þ.e.a.s., færni sem unnt er að nýta í fleiri en einu fyrirtæki. Aftur á móti leiðir sértæk þjálfun til aukinnar framleiðni í tilteknu fyrirtæki sem getur þá auðveldlega nýtt sér hana ⁽⁴⁾. Jákvæð úthrif sértækrar þjálfunar eru því ekki jafn mikil og jákvæð úthrif almennrar þjálfunar.
8. Ef fyrirtæki standa frammi fyrir auknum kostnaði og óljósum ávinningi af þjálfun starfsmanna sem eru annaðhvort illa staddir eða fatlaðir ⁽⁵⁾ getur það leitt til minni þjálfunar fyrir þá hópa. Hins vegar má að jafnaði gera ráð fyrir því að þjálfun illa staddra starfsmanna eða fatlaðra hafi jákvæð úthrif fyrir samfélagið í heild ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Kafli þessi samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna – Viðmið vegna greiningar á því hvort ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, sem skylt er að tilkynna sérstaklega, samrýmist EES-samningnum 2009/C 188/01 (Stjtið. ESB C 188, 11.8.2009, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3. Að því er varðar sérstaka aðstoð á sviði þjálfunar til stórfyrirtækis sem er lægri en 2 milljónir evra, mun Eftirlitsstofnun EFTA, að breyttu breytanda, beita meginreglunum í þessum kafla, þó ekki jafn nákvæmlega.

⁽³⁾ Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 frá 7.11.2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur nr. 79, sama dag), öðlaðist gildi 8.11.2008.

⁽⁴⁾ Fyrirtækin geta þó einnig nýtt sér úthrif almennrar þjálfunar með sérstökum ákvæðum í samningnum þar sem starfsmanni, sem hlýtur þjálfun, er gert skylt að starfa áfram í fyrirtækinu í tiltekinn tíma eftir að hann hefur lokið þjálfun.

⁽⁵⁾ Fatlaðir starfsmenn og illa staddir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar um hópundanþágu.

⁽⁶⁾ Samfélagið metur t.d. meir þjálfun ungra starfsmanna með lágt menntunartig en fyrirtæki gerir vegna minni framleiðni, hvort sem hún er raunveruleg eður ei.

9. EFTA-ríkin ættu að sýna fram á að til staðar sé markaðsbrestur sem réttlæti aðstoðina. Eftirlitsstofnun EFTA mun, meðal annars, hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:
 1. Eðli þjálfunarinnar – hvort hún er sértæk eða almenn í skilningi 38. gr. reglugerðar um hópundanþágu. Eitt þjálfunarverkefni getur falið í sér bæði almenna og sértæka þætti. Almenn þjálfun hefur jákvæðari úthrif.
 2. Hvort unnt er að yfirfæra færna sem er aflað við þjálfunina. Því auðveldara sem það er að yfirfæra færna þeim mun meiri líkur eru á að úthrif þjálfunarinnar séu jákvæð. Nokkur dæmi:
 - a) þjálfunin er skipulögð af hálfu nokkurra sjálfstæðra fyrirtækja, eða ef starfmenn mismunandi fyrirtækja geta notið ávinnings af þjálfuninni,
 - b) þjálfunin er vottuð, leiðir til viðurkennds prófskírteinis eða hefur fengið vottun stjórnvalda eða stofnana,
 - c) þjálfunin beinist að þeim flokkum starfsmanna þar sem starfsmannavelta er mikil, bæði innan fyrirtækisins og í viðkomandi atvinnugrein,
 - d) þjálfunin gæti verið starfsmanninum mikils virði víðar en í núverandi starfi (í framtíðarstarfi í öðru fyrirtæki, félagslífi, velsæld, o.s.frv.).
 3. Þátttakendur í þjálfuninni: þátttaka fatlaðra starfsmanna eða illa staddra getur aukið jákvæð úthrif þjálfunarinnar.

2.2 Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnæki?

10. Ríkisaðstoð er ekki eina stjórnækið sem EFTA-ríkjunum er tiltækt til að hvetja til þjálfunar. Mestöll þjálfun fer fram innan menntakerfisins (t.d. í háskólum, skólum, starfsmenntun sem stjórnvöld veita eða styrkja). Einstaklingarnir sjálfir geta einnig aflað sér þjálfunar, með eða án stuðnings vinnuveitanda síns.
11. Ef EFTA-ríki hefur hugað að öðrum stjórnækjum og sýnt hefur verið fram á kosti þess að nota sértækt stjórnæki á borð við ríkisaðstoð, er lítið svo á að hlutaðeigandi ráðstafanir séu viðeigandi stjórnæki. Eftirlitsstofnunin mun einkum hafa hliðsjón af mati á áhrifum fyrirhugaðrar ráðstöfunar sem EFTA-ríkið kann að hafa gripið til.

2.3 Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar

12. Ríkisaðstoð á sviði þjálfunar verður að leiða til þess að aðstoðarþegi breyti háttarni sínu þannig að þjálfunin verði meiri og/eda betri en ella hefði orðið án aðstoðarinnar. Komi ekki til þess háttar aukningar á magni eða gæðum fyrirhugaðrar þjálfunar, er lítið svo á að aðstoðin hafi ekki hvatningaráhrif.
13. Hvatningaráhrif eru greind með staðleysugreiningu þar sem borið er saman umfang þjálfunarinnar, sem stefnt er að, með aðstoð annars vegar og án aðstoðar hins vegar. Flestir vinnuveitendur telja nauðsynlegt að þjálfu eigin starfsmenn til að tryggja eðlilega starfsemi fyrirtækja sinna. Ekki er unnt að gera ráð fyrir því að ríkisaðstoð á sviði þjálfunar, einkum sértækrar þjálfunar, sé ávallt nauðsynleg.
14. EFTA-ríkin ættu að sýna eftirlitsstofnuninni fram á að hvatningaráhrif séu fyrir hendi og að aðstoðin sé nauðsynleg. Í fyrsta lagi verður aðstoðarþeginn að hafa lagt inn umsókn um aðstoð til hlutaðeigandi EFTA-ríkis áður en þjálfunarverkefnið hefst. Í öðru lagi verður EFTA-ríkið að sýna fram á að ríkisaðstoð valdi því að þjálfunarverkefnið verði stærra, betra, meira að umfangi og að þátttakendur verði fleiri en ella hefði orðið, ef aðstoð hefði ekki komið til. Unnt er að sýna fram á að aðstoð leiði til aukinnar þjálfunar, t.d. með fleiri kennslustundum eða námskeiðum, fleiri þátttakendum, aukinni áherslu á almenna þjálfun í stað sértækrar þjálfunar, eða aukinni þátttöku tiltekinn flokka illa staddra eða fatlaðra starfsmanna.
15. Eftirlitsstofnun EFTA mun, meðal annars, hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:
 - a) innahússkjöl aðstoðarþega um kostnað við þjálfun, fjárhagsáætlanir, þátttakendur, innihald og tímaáætlun fyrir tvo mismunandi kosti: þjálfun með aðstoð og þjálfun án aðstoðar,
 - b) hvort vinnuveitendum sé skylt lögum samkvæmt að veita tiltekna tegund þjálfunar (t.d. um öryggismál): ef slík skylda er fyrir hendi mun eftirlitsstofnunin að jafnaði úrskurða að hvatningaráhrif séu ekki fyrir hendi,
 - c) trúverðugleika framlagðs verkefnis, t.d. með því að vísa í og bera það saman við fjárhagsáætlanir vegna þjálfunar á undangengnum árum,
 - d) tengsl milli þjálfunaráætlunar og starfsemi aðstoðarþegans: því nánari sem tengslin eru, þeim mun minni líkur eru á hvatningaráhrifum. Þjálfun vegna innleiðingar á nýrri tækni í tilteknum geira er t.d. ólíkleg til að hafa hvatningaráhrif þar eð fyrirtæki eiga ekki annarra kosta vól en að þjálfu starfsmenn sína vegna hinnar nýinnleiddu tækni.

2.4 Er aðstoðin hæfileg að umfangi?

16. EFTA-ríkið verður að sýna fram á að aðstoðin sé nauðsynleg og að fjárframlagið takmarkist við það sem þarf til að ná fram markmiði aðstoðarinnar.

Reikna verður út styrkhæfan kostnað í samræmi við 39. gr. reglugerðar um hópundanþágu og hann verður að takmarkast við þann kostnað sem hlýst af þjálfun sem ekki yrði lagt út í án aðstoðar.

EFTA-ríkin skulu leggja fram gögn um að aðstoðarfjárhæðin sé ekki meiri en sem nemur þeim hluta styrkhæfs kostnaðar sem fyrirtækið getur ekki staðið straum af ⁽⁷⁾. Hvað sem öðru líður má aðstoðarhlutfallið aldrei verið herra en það sem mælt er fyrir um í 39. gr. reglugerðar um hópundanþágu og verður látið gilda um styrkhæfan kostnað ⁽⁸⁾.

3. Neikvæð áhrif aðstoðar

17. Ef aðstoð er hæfilega mikil til að á ná fram markmiði aðstoðarinnar, er líklegt að neikvæð áhrif hennar verði takmörkuð og greining á neikvæðum áhrifum kann að vera óþörf ⁽⁹⁾. Þó er hugsanlegt, í sumum tilvikum, jafnvel þar sem aðstoð er nauðsynleg og hæfileg að umfangi til að hlutaðeigandi fyrirtæki geti aukið framboð á þjálfun, að aðstoðin kunni að leiða til breyttrar hegðunar aðstoðarþegans þannig að umtalsverð samkeppnisröskun hljóti af. Í þeim tilvikum mun eftirlitsstofnunin gera ítarlega greiningu á samkeppnisröskun. Umfang samkeppnisröskunar af völdum aðstoðarinnar getur verið með ýmsu móti, allt eftir eiginleikum aðstoðarinnar og viðkomandi markaða ⁽¹⁰⁾.
18. Eiginleikar aðstoðar sem kunna að hafa áhrif á hvort samkeppnisröskun sé líkleg, og þá hversu umfangsmikil, eru:
 - a) hversu sértæk ráðstöfunin er,
 - b) hversu mikil aðstoðin er,
 - c) gildistími aðstoðar og hvort hún verður endurtekin,
 - d) áhrif aðstoðar á kostnað fyrirtækisins.
19. Þjálfunaráætlun, sem er notuð til að hvetja fyrirtæki í EFTA-ríki almennt til að takast á hendur aukna þjálfun, er t.d. líkleg til að hafa önnur áhrif á markaðinn en mikil aðstoð til einstaks fyrirtækis til að gera því kleift að auka við þjálfun sína. Í síðarnefnda tilvikinu er líklegt að aðstoðin sé til þess fallin að raska samkeppni umtalsvert meira þar eð geta keppnauta aðstoðarþegans til að eiga í samkeppni minnkar ⁽¹¹⁾. Samkeppnisröskunin verður enn meiri ef þjálfunarkostnaður í fyrirtæki aðstoðarþegans nemur umtalsverðum hluta heildarkostnaðar.
20. Við mat á eðli markaðarins, sem getur gefið mun betri mynd af líklegum áhrifum aðstoðar, mun eftirlitsstofnunin meðal annars huga að eftirfarandi:
 - a) uppbyggingu markaðarins, og
 - b) einkennum atvinnugreinarinnar.
21. Uppbygging markaðarins verður metin í ljósi samþjöppunar á markaði, stærðar fyrirtækja ⁽¹²⁾, mikilvægis aðgreiningar á vörum ⁽¹³⁾ og aðgangs- og útgönguhindrana. Markaðshlutdeild og hlutfall samþjöppunar verður reiknað út þegar viðkomandi markaður hefur verið skilgreindur. Almennt má gera ráð fyrir að því færrí sem fyrirtækin eru sé markaðshlutdeild þeirra þeim mun meiri og samkeppni að sama skapi minni ⁽¹⁴⁾. Ef viðkomandi markaður er samþjappaður og aðgangshindranir miklar ⁽¹⁵⁾ og aðstoðarþegi er öflugur aðili á þeim markaði, er líklegra að keppnautar verði að bregðast við aðstoðinni með því að breyta hátterni sínu.
22. Við skoðun á einkennum atvinnugreinarinnar mun eftirlitsstofnunin meðal annars líta á mikilvægi þjálfaðs vinnuafis fyrir atvinnureksturinn, hvort umframgeta er fyrir hendi, hvort markaðir í atvinnugreininni fari stækkandi, séu mettaðir eða fari minnkandi, fjármögnunarstefnu keppnauta vegna þjálfunar (ríkisaðstoð, starfsmenn, vinnuveitendur). Aðstoð á sviði þjálfunar í hnignandi atvinnugrein getur, t.d., aukið hættuna á samkeppnisröskun með því að halda lífi í óskilvirku fyrirtæki.
23. Aðstoð á sviði þjálfunar getur, í sérstökum tilvikum, leitt til samkeppnisröskunar að því er varðar markaðsaðgang og markaðsútgöngu, áhrifa á viðskipti og ruðningsáhrifa á fjárfestingar í þjálfun.

⁽⁷⁾ Þetta jafngildir þeim hluta umframkostanaðar vegna þjálfunar sem fyrirtækið getur ekki endurheimt með því að njóta beint ávinnings af þeirri færni sem starfsmenn öðluðust með þjálfuninni.

⁽⁸⁾ Sjá einnig gildandi stjórnisýslufrákvæmd, t.d. C 35/2007, aðstoð á sviði þjálfunar til Volvo Cars í Gent, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/948/EB frá 23. júlí 2008 um ráðstafanir þýskra stjórnvalda til að aðstoða DHL og flugvöllinn í Leipzig Halle (Stjtið. ESB L 346, 23.12.2008, bls. 1) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/612/EB frá 4. apríl 2007 um ríkisaðstoð C 14/06 sem stjórnvöld í Belgíu áforma að hrinda í framkvæmd fyrir General Motors Belgíum í Antwerpen (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 71).

⁽⁹⁾ Auk þess gætu starfsmenn alltaf, ef vinnumarkaðurinn starfaði fullkomlega, krafist hærri launa vegna aukinnar færni eftir þjálfunina og jákvæð úthrif þjálfunarinnar myndu haldast innan fyrirtækisins.

⁽¹⁰⁾ Aðstoðin getur haft áhrif á fjölda markaða af því að áhrif aðstoðarinnar eru ekki nauðsynlega bundin við markaðina þar sem aðstoðarþeginn starfar, heldur geta þau náð til annarra markaða, t.d. aðfangamarkaða.

⁽¹¹⁾ Þess ber þó að geta að aðstoð á sviði þjálfunar sem veitt er heilli atvinnugrein í EFTA-ríki getur leitt til röskunar á viðskiptum milli samningsaðila.

⁽¹²⁾ Unnt er meta stærð fyrirtækja út frá markaðshlutdeild, svo og veltu og/eða fjölda starfsmanna.

⁽¹³⁾ Því minni sem aðgreining vörunnar er, þeim mun meiri áhrif hefur aðstoðin á hagnað keppnauta.

⁽¹⁴⁾ Mikilvægt er hins vegar að geta þess að á sumum mörkuðum ríkir samkeppni þótt þar starfi aðeins fáein fyrirtæki.

⁽¹⁵⁾ Þess ber þó að geta að stundum getur aðstoð leitt til þess að ný fyrirtæki yfirstigi aðgangshindranir og komist inn á markað.

Markaðsaðgangur og -útganga

24. Á samkeppnismarkaði selja fyrirtæki vörur sem skapa hagnað. Ríkisaðstoð breytir arðsemi með breytingum á kostnaði og getur því haft áhrif á ákvörðun fyrirtækis um að bjóða vöru eður ei. Ríkisaðstoð sem dregur úr daglegum kostnaði við framleiðslu, eins og hjálfun starfsmanna, myndi t.d. gera aðgang að markaði meira aðlaðandi og gera fyrirtækjum, sem að öðrum kosti ættu ekki mikla möguleika, kleift að koma inn á markaðinn eða kynna nýjar vörur, til skaða fyrir skilvirkari keppinauta.
25. Aðgengi að ríkisaðstoð getur einnig haft áhrif á ákvörðun fyrirtækis um að fara af markaði þar sem það starfar nú þegar. Ríkisaðstoð á sviði hjálfunar gæti dregið úr tapi og gert fyrirtæki kleift að vera lengur á markaði, en það getur þýtt að önnur, skilvirkari fyrirtæki, sem fá ekki aðstoð, neyðist til að fara af markaði í staðinn.

Áhrif á viðskipti

26. Ríkisaðstoð á sviði hjálfunar getur leitt til þess að sum landsvæði búi við ákjósanlegri framleiðsluskilyrði en önnur. Það getur orðið til þess að viðskipti flytjist til svæða þar sem slík aðstoð er veitt.

Ruðningsáhrif fjárfestingar í hjálfun

27. Fyrirtæki hafa hag af því að fjárfesta í hjálfun starfsmanna til að lifa á markaði og hámarka hagnað. Hversu miklu fyrirtæki er reiðubúið að fjárfesta í hjálfun veltur einnig á fjárfestingum keppinauta þess. Fyrirtæki sem njóta stuðnings ríkisins kunna að draga úr eigin fjárfestingum. Ef aðstoðin stuðlar á hinn bóginn að því að aðstoðarþeginn fjárfesti meira, geta keppinautar brugðist við með því að draga úr eigin útgjöldum vegna hjálfunar. Ef aðstoðarþegar eða keppinautar þeirra eyða minna þegar ríkisaðstoð er til staðar, en þegar slíku er ekki til að dreifa, til að ná fram sama markmiði, hefur aðstoðin ruðningsáhrif á eigin fjárfestingar þeirra í hjálfun starfsmanna.

4. Jafnvægismat og ákvörðun

28. Lokaprep greiningarinnar er að meta að hve miklu leyti jákvæð áhrif aðstoðar vega þyngra en neikvæð áhrif hennar. Það verður gert í hverju tilviki fyrir sig. Til að vega jákvæð og neikvæð áhrif hvor á móti öðrum mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja mat á þau og gera heildarmat á áhrifum þeirra á framleiðendur og neytendur á hverjum viðkomandi markaði fyrir sig. Eftirlitsstofnunin mun, nema greiður aðgangur sé að tölulegum upplýsingum, notast við eigindlegar upplýsingar við matið.
29. Eftirlitsstofnun EFTA er líkleg til að taka jákvæðari afstöðu og þess vegna fallast á meiri samkeppnisröskun ef aðstoðin er nauðsynleg, mjög markviss og hæfileg til að tiltekið fyrirtæki geti veitt aukna hjálfun og ef samfélagið nýtur meiri ávinninga af veittri viðbótarþjálfun en aðstoðarþeginn.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/48/02

(mál COMP/M.6258 – Teva/Cephalon)

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ísraelska fyrirtækið Teva Pharmaceutical Industries Ltd. öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Cephalon Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Teva: framleiðsla á lyfjavörum
 - Cephalon: framleiðsla á lyfjavörum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 261, 3. september 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6258 – Teva/Cephalon, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6261 – North Sea Group/Argos Groep/JV)

2011/EES/48/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollensku fyrirtækin Reggeborgh Invest B.V. („Reggeborgh“) og Argos Energy Group B.V. („Argos Energy Group“), sem lýtur yferráðum hins hollenska Goedvolk Holding B.V. („Goedvolk Holding“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollensku fyrirtækjunum North Sea Group B.V. („North Sea Group“), sem nú lýtur yferráðum Reggeborgh, og Argos Groep B.V. („Argos Groep“), sem nú lýtur yferráðum Argos Energy Group.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Reggeborgh: viðskipti með og afhending jarðolíuvara til nota á láði og legi, samningagerð og verkefnastjórnun í byggingariðnaði, svo og fasteignaþróun
 - Goedvolk Holding: viðskipti með og afhending jarðolíuvara til nota á láði og legi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 257, 1. september 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6261 – North Sea Group/Argos Groep/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6267 – Volkswagen/MAN)

2011/EES/48/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Volkswagen AG („VW“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu MAN SE („MAN“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - VW: þróun, framleiðsla, markaðsfærsla, sala og dreifing vélknúinna ökutækja, m.a. varahluta og dísilvéla, fjármálaþjónusta í tengslum við dreifingu og fjármögnun vélknúinna ökutækja, og þjónusta vegna stjórnunar á bílaflota fyrirtækja
 - MAN: framleiðsla og sala á flutningabifreiðum, strætisvögnum, dísilvélum, forþjöppuvélbúnaði og sérstökum gireiningum, dreifing notaðra, vélknúinna ökutækja, leiguþjónusta í tengslum við atvinnubifreiðar og fjármálaþjónusta í tengslum við dreifingu og fjármögnun vélknúinna ökutækja
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 253, 30. ágúst 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6267 – Volkswagen/MAN, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6296 – Triton/COMPO)

2011/EES/48/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. ágúst 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Triton Managers III Limited og TFF III Limited, í krafti aðildar að mismunandi samlagsfélögum sem mynda fyrirtækið Triton Fund III frá Jersey („Triton“), öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýsku fyrirtækjunum COMPO Consumer og COMPO Expert businesses („COMPO“).
